



HAFNARFJÖRÐUR

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri
Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ.

Hafnarfirði 22.11.2016.

Erindi: Tillaga að Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Forkynning.

Með bréfi ásamt fylgigögnum dags. 20.10.2017 var óskað eftir umsögn Skipulags- og umhverfisþjónustu Hafnarfjarðar vegna forkynningar á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Eftirfarandi atriði/minnispunktur eru settir fram á þessu stigi máls fyrir hönd Skipulags- og umhverfisþjónustu Hafnarfjarðar, með það fyrir augum fá nánari skýringar/upplýsingar um þá hugmyndafræði og þau skipulagslegu sjónarmið, sem liggja að baki þessarar tillögu.

- Svæði sem nær frá Svínsholti að Setbergshamri (merkt 5.09-5.14 á aðalskipulagsuppdraetti) í greingerð kemur fram að þarna er gert ráð fyrir „hefðbundinni lágreistri bygg“ auk þess sem hluti tengivegar liggir í stokk eða göngum undir holtið. Gert er ráð fyrir tengiveg frá því vegarstæði inn í Serbergshverfið í Hafnarfirði. Jafnframt er gert ráð fyrir verslunar og þjónustusvæði sem liggur upp að íbúðahverfi í Hafnarfirði.
- Stofnvegstenging milli Reykjanesbrautar og Reykjavíkurvegar um Molduhraun gerir ráð fyrir einni veltengingu inn á Flatahraun. Skoða þarf þá hluti nánar m.a. í ljósi þess að vænta má verulegra breytinga á iðnaðar- og athafnasvæði í Hafnarfirði sem liggur að vegstæðinu og mörkum Garðabæjar/Hafnarfjarðar.
- Að norðanverðum mörkum Hafnarfjarðar er gert ráð fyrir talsverðri íbúðabyggð (merkt 1.82,1.83 og 1.84 á aðalskipulagsuppdraetti). Þar er gert ráð fyrir tengibraut sem tengist Herjólfbraut. Samkvæmt greinagerð Aðalskipulagsins er gert ráð fyrir mestmegnis sérbýlishúsum á 1-2 hæðum. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir blandaðri byggð, atvinnufyrirtækjum, stofnunum auk þéttleika byggðar allt að 12íb/ha í Garðaholti. Ekki verða séð nein skynsamleg rök fyrir þessari uppbyggingu að teknu tilliti til þeirra megin umferðaræða sem tillagan að aðalskipulagi gerir ráð fyrir.
- Ekki verður betur séð, en að enn er ósamræmi á milli auglýstrar deiliskipulagsbreytingar frá 7. sept. s.l. er varðar Garðahraun (prýði). Er þar m.a. átt við legu Herjólfbrautar og skilgreiningu á vegstæði.

Ofangreind atriði eru sett fram sem athugasemdir en jafnframt er óskað eftir viðræðum um þau á viðeigandi vettvangi báðum aðilum til farsællar lausnar.

Virðingarfyllst f.h Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi/arkitekt.